



## Nýr Landspítali staða framkvæmda og fréttir af verkefnum

- **Staða byggingaverkefna í júní:**
  - Meðferðarkjarni
  - Rannsóknahús
  - Bílastæða og tæknihús
  - Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
  - Grensásdeild Landspítala
  - Bráðamóttaka LSH í Fossvogi
  - Nýbygging við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk)
- **Sumarmálstofa NLSH 2026**
- **Útskriftarargangur frá Hjúkrunarskóla Íslands 1977 í heimsókn**

## Staða byggingaverkefna í júní



Legudeild á sjöttu hæð meðferðarkjarna í stöng fimm.



Badherbergi á sjöttu hæð í stöng 2.

## Meðferðarkjarni

Vinna við innanhússfrágang á legudeildum gengur vel. Unnið er á fullum krafti í öllum fjórum stöngunum. Í stöngum eitt og tvö er vinna komin lengst. Þar er flísalögn, dúklögn og uppsetning kerfislofta komin af stað og einnig málning á veggjum.

„Í stöngum fjögur og fimm er verið að setja upp veggi auk pípu- og raflagna. Áætluð verklok eru í janúar 2028 og verktaki verksins er ÞG verk,“ segir Sigurjón Sigurjónsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Framkvæmdir innanhúss á neðri hæðum í meðferðarkjarna eru komnar á fulla ferð og fleiri verkþættir bætast sífellt við verkið. Ílögn hefur gengið vel og nú er búið að leggja í gólf á fyrstu til þriðju hæð í stöngum 1 og 2, en í fyrri útboðum í húsinu er búið að leggja ílögn í kjallara og á legudeildum á fimmtu og sjöttu hæð. Uppsetning innveggja er hafin á nokkrum stöðum í húsinu og unnið er að þeim í kjallara og á annarri og þriðju hæð. Einnig er unnið að málningarvinnu fyrir ofan kerfisloft á völdum svæðum og undirbúningur næstu verkþátta í fullum gangi.

Hliðarverktakar á sviði pípulagna og loftræsingar eru byrjaðir undirbúning framkvæmda á neðri hæðum hússins. Gert er ráð fyrir að umfang vinnu við tækni kerfi aukist á næstu vikum og mánuðum, samhliða því sem fleiri hliðarverktakar og starfsmenn hefja vinnu í verkefninu.

„Ístak stýrir hliðarsamningum frá kjallara upp á fjórðu hæð og heldur utan um samræmingu allra verkþátta. Verkið er umfangsmikið og nær verkáætlunin yfir fjögur ár. Á árinu verður því áfram mikil starfsemi í húsinu við ílögn, uppsetningu innveggja, málningu og frágang tækni kerfa,“ segir Árni Kristjánsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Áskoranir verkefnisins eru jafnframt margvíslegar. Þar má nefna sérhæfð svæði þar sem þörf er á hönnun og útfærslu í samráði við framleiðendur lækningatækja, auk undirbúnings fyrir sérhæfðan tækjabúnað sem síðar verður tekinn í notkun í endanlegri starfsemi Nýs Landspítala.

Myndband af meðferðarkjarnanum frá 7. júní má sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=BtQVi3Uw8n8>



Í rannsóknahúsi verður nákvæm loftgæðastýring svo loftið getur verið hreinna en í skurðstofum þar sem vinna þarf afar viðkvæm sýni án mengunar.

# Rannsóknahús

Uppsetning útveggjakerfis á rannsóknahúsinu gengur vel og nú er búið að setja upp um 70% af útveggjaeiningum hússins. Samhliða þeirri vinnu er uppsetning stálvirkis fyrir þaklugga í miðrymi hússins hafin, sem er mikilvægur áfangi í vinnu við lokun hússins.

„Framkvæmdir við rannsóknahúsið halda áfram og uppsetning útveggjaeininga er komin vel á veg og nú er stærstur hluti þeirra kominn á sinn stað. Nú er hafin uppsetning stálvirkis fyrir þaklugga í miðrymi hússins og unnið er að þakfrágangi og uppsetningu regnvatnslagna,“ segir Árni Kristjánsson, staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Á næstu vikum verður áfram lögð áhersla á uppsetningu útveggjakerfis, frágang þaka og regnvatnslagna, auk áframhaldandi vinnu við stálvirki þakluggans. Þessir verkþættir eru lykilatriði í því að loka húsinu og tryggja að það verði vatnshelt samkvæmt áætlun. Undirbúningur vegna útboða á innri frágangi og tækni kerfum er jafnframt í fullum gangi, þannig að næstu áfangar framkvæmdarinnar geti hafist þegar húsinu hefur verið lokað.

Myndband af rannsóknahúsinu frá 7. júní má sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=QrN0M16nXYw>

---

## Bílastæða- og tækni hús

Nú stendur yfir lokafrágangur á húsinu og við prófanir á kerfum.

Í bílastæða- og tækni húsinu verða 522 bílastæði á 16 pöllum auk 200 stæða fyrir reiðhjól. Stefnt er að opnun bílastæðahluta hússins í haust.



Verið er að reisa stálgrind á efstu hæð á Húsi Heilbrigðisvísindasviðs fyrir tækni kerfi.



Yfirlitsmynd yfir Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

## Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Stöðugur framgangur er á framkvæmdinni við Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Núna er mest allri steypuvinnu lokið og framkvæmdin komin á það stig að verið er setja upp glerveggjakerfi utaná steypuvirkið sem myndar ytri hjúp hússins. Samhliða uppsetningu glerveggjakerfis er verið að reisa stálgrind á fimmtu og jafnframt efstu hæð hússins sem mun hýsa tæknirýmið.

„Stórum áfanga fer að ljúka í framkvæmdinni þegar síðasta steypan verður tekin en áætlað er að hún verði í júní og þá tekur alfarið við lokun hússins“ segir Jóhann Gunnar Ragnarsson verkefnastjóri hjá NLSH.



Suðvesturhorn byggingar á Grensásdeild.



Innanhússfrágangur á fullri ferð á Grensásdeild.

## Grensásdeild Landspítala

Framkvæmdir við stækkun Grensásdeildar halda áfram samkvæmt áætlun og nálgast nú lokastig byggingaframkvæmda. Ytri byrði byggingarinnar er að mestu lokið og húsið orðið veðurbétt. Unnið er að síðustu verkþáttum utanhúss samhliða því sem áhersla færast í auknum mæli að innri frágangi.

Innanhúss eru framkvæmdir langt komnar. Uppsetning innréttinga stendur yfir víða í húsinu og unnið er að frágangi rafkerfa, lagnakerfa, stjórnkerfa og annarra tæknilegra innviða. Jafnframt er verið að ljúka frágangi rýma og undirbúa húsnæðið fyrir næstu áfanga verkefnisins.

Á komandi mánuðum verður megináhersla lögð á gangsetningu tæknikerfa, prófanir og staðfestingu á virkni þeirra áður en húsnæðið verður afhent til notkunar. Slík vinna er mikilvægur þáttur í að tryggja að öll kerfi starfi samkvæmt kröfum og að aðstaðan verði tilbúin fyrir starfsemi deildarinnar.

„Framkvæmdir hafa gengið vel og eru í góðu samræmi við gildandi verkáætlun. Nú er verkefnið komið á það stig að megináhersla er á frágang innanhúss, uppsetningu búnaðar og undirbúning gangsetningar og prófana á kerfum byggingarinnar og verklok eru áætluð í haust,“ segir Kristinn Jakobsson, verkefnastjóri hjá NLSH.

Myndband frá Grensásdeild frá 7. júní má sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=Haw18YmWM90>



Smíðavinna er á lokametrunum við hina nýju matsdeild bráðamóttöku Landspítala.

## Bráðamóttaka LSH í Fossvogi

Framkvæmdir halda áfram við stækkun á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Um er að ræða hönnun, framleiðslu á húseiningum og að reisa nýja matsdeild fyrir bráðamóttökuna í Fossvogi, um 700 fermetra. Í húsnæðinu verða meðal annars 20 legurými, vaktbergi og ýmis önnur rými tengd starfsemi spítalans, tengigangur verður yfir í núverandi byggingu Landspítala í Fossvogi.

„Verið er að setja upp tæknikerfin, og eru þau langt komin. Einnig er smíðavinnan á lokametrunum og unnið er í lóðavinnu og verður áfram í sumar,“ segir Steinar Þór Bachmann verkefnastjóri hjá NLSH.



Framkvæmdir eru að hefjast við legudeildarbyggingu við Sjúkrahúsið á Akureyri.

# Nýbygging við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)

Skóflustunga að nýrri 13.600 m<sup>2</sup> legudeildarbyggingu við Sjúkrahúsið á Akureyri verður tekin um miðjan júní. Í nýbyggingunni, sem tengist, núverandi húsnæði verður komið upp aðstöðu fyrir skurðlækningadeild (36 stofur), lyflækningadeild (36 stofur) og geðdeild (12 sjúkrastofur og tveimur öryggiseiningum fyrir geðgjörgæslu) ásamt stoðrymum og þá verður til staðar glæsileg nútíma dag- og göngudeild geðdeildar.

Gert er ráð fyrir að nýbyggingin verði staðsett sunnan við núverandi byggingar á lóð SAK og tengd núverandi húsnæði. Minniháttar breytingar verða gerðar á núverandi húsnæði vegna tengingar við nýbyggingu og breytinga á vörumóttöku. Nýbyggingin mun taka yfir núverandi bílastæði á lóðinni og þarf að færa þau bílastæði til ásamt því að fjölga bílastæðum miðað við aukið byggingarmagn á lóðinni.

## Sumarmálstofa NLSH 2026



Sumarmálstofa NLSH var vel sótt að venju og fjölbreytt erindi voru flutt.

Þann 11.júní var haldin hin árlega Sumarmálstofa NLSH en félagið hefur staðið reglulega fyrir málstofum, fyrir hagaðila, um framgang verkefna félagsins.

Starfsmenn NLSH fóru yfir einstaka verkefni en auk þess flutti Kari Solem Aune, Associated Technical Director HVAC and GMP – COWI, erindið „Design of GMP Areas in the Treatment Core and Lab Building“.

Síðan fjallaði Helgi Bollason Thóroddsen, arkitekt hjá Kanon arkitektum, um deiliskipulagsgerð vegna nýs geðhúss sem áformað er að rísi í Fossvogi.

Að endingu flutti lokaorð Guðjón Hauksson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri.

Í lokin var tónlistaratriði þar sem Unnsteinn Manúel Stefánsson flutti falleg lög við undirleik Tómasar Jónssonar. Málstofan var vel sótt og góður rómur gerður að fyrirlestrum.

# Útskriftarígangur frá Hjúkrunarskóla Íslands 1977 í heimsókn



Það var glæsilegur hópur sem útskriftarnema 1977 frá Hjúkrunarskóla Íslands sem kom í heimsókn.

Nýlega kom góður hópur í heimsókn en það var útskriftarígangur frá Hjúkrunarskóla Íslands 1977. Hjúkrunarskóli Íslands var hjúkrunarskóli sem starfaði frá 1933 til 1986.

Heimsóknin hófst á kynningu fulltrúa Landspítala og að kynningu lokinni var gengið um meðferðarkjarnann þar sem Jóhann Gunnar Ragnarsson, verkefnastjóri NLSH, sýndi gestum nokkrar hæðir í nýjum spítala.

Vel heppnuð heimsókn og mikil ánægja gesta með að fá að koma og sjá verkframkvæmdir.

# Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir



## Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ólafur M. Birgisson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 896 7330 eða netfangið [olafur@nlsh.is](mailto:olafur@nlsh.is)

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða [magnus@nlsh.is](mailto:magnus@nlsh.is)

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595 [andriol@landspitali.is](mailto:andriol@landspitali.is) og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 [bgisla@hi.is](mailto:bgisla@hi.is)